

---

## Augýsing um breytingu á gjaldskrá

### Vatnsveitu Hveragerðis nr. 118/2011

---

#### 1. grein

3. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,06% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.  
Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B og C flokki.

#### 2. grein

4. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2019 eru kr. 13,00- pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga fyrir árið 2019 er:

Mælaleiga minni en 50 mm kr. 7.400  
Mælaleiga stærri en 50 mm kr. 29.300

#### 3. grein

Auglýsing þessi til breytingar á gjaldskrá, sem samþykkt var af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar skv. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, þann 13. desember 2018, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

*Hveragerði 13. desember 2018.*

  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri.

